

Lykilhæfni í Aðalnámskrá grunnskóla og 21. aldar hæfni.

Í Aðalnámskrá grunnskóla segir að lykilhæfni sé sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og sé ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Lykilhæfni tengist öllum námssviðum og talað er um eftirfarandi hæfni:

- ✓ Tjáning og miðlun.
- ✓ Skapandi og gagnrýninni hugsun.
- ✓ Nýting miðla og upplýsinga.
- ✓ Sjálfstæði og samvinnu.
- ✓ Ábyrgð og mat á eigin námi.

Þegar nemendur fá skilvirk hlutverk í samvinnu, samskiptum, skapandi lausnaleit, bera ábyrgð á og meta námið og fá þjálfun beita gagnrýninni hugsun í gegnum verkefnavinnu leggur það grunn fyrir skóla, atvinnulíf og betri samfélagsþátttöku. Á meðan námsþættir breytast á milli verkefna þá helst lykilhæfni óbreytt, óháð verkefnum. Nemendur þjálfu lykilhæfni í verkefnavinnu sem er talin ýta undir djúpnám. Lykilhæfni í verkefnamiðuð námi á ekki að vera aukaverkefni, hún á að vera samþætt verkefnum og áhersluatriði í verkefnavinnu.

Tjáning og miðlun

Öll verkefni í verkefnamiðuðu námi krefjast þess að nemendur þjálfu með sér hæfni til að tjá sig og miðla þekkingu sinni á fjölbreyttan hátt. Verkefnavinna í samvinnu við aðra krefst þess að auki að nemendur tjái sig í hópnum og miðli til hópfélaga. Kynningar á vinnu nemenda eru alltaf í lok verkefnavinnu og áhersla er lögð gæði kynninga. Kynningin er lokaafurðin, í hana þarf að gefa góðan tíma. Góður undirbúningur og æfingar eru nauðsynleg til að ljúka góðu verkefni sem best.

Skapandi og gagnrýnin hugsun

Að tileinka sér gagnrýna hugsun á upplýsingaöld þar sem aðgangur að upplýsingum er óheftur hlýtur að teljast nauðsynlegt. Nemendur þurfa að vita hvaða upplýsingar eru áreiðanlegar og til þess þurfa þeir að þjálfu upp hæfni til að meta áreiðanleika og gæði upplýsinga. Nemendur í verkefnamiðuðu námi þurfa að meta mögulegar lausnir á málum. Gagnrýnin hugsun er öllum nausynleg til að geta tekið upplýstar ákvarðanir s.s. varðandi framtíðarstarf, í kosningum, vali á þjónustufyrirtæki, lántöku o.fl.

Hvetja þarf til gagnrýnnar hugsunar:

- ✓ Með rannsóknarspurningum sem biðja nemendur um að taka ákvörðun.
- ✓ Styrkja hugsanaaðferðir s.s. samanburð/andstæður, orsök og afleiðing þegar nemendur semja ályktun ágreiningsefni..
- ✓ Kynna aðferðir til að vera gagnrýnir lesarar.
- ✓ Kenna nemendum að færa rök og mótrök fyrir málefnum.

Kennarar hvetja til skapandi hugsunar

- ✓ Verkefni hvetja nemendur til að leysa mál á skapandi hátt, hvetja nemendur til að leita lausna.
- ✓ Mikilvægt er að fóðra sjálfstraust til sköpunar og um mistökum fagnað sem skrefi í velgengni og lærdómi sem draga má af þeim.
- ✓ Kenna nemendum mikilvægi nýsköpunar.
- ✓ Verkefni sem byggja á hönnunaráskorun hvetja til sköpunar.
- ✓ Nota hugarflæði, munnlegt eða skriflegt.
- ✓ Hvetja nemendur til að taka áhættu í verkefnum og vera opnir fyrir nýjum hugmyndum.

Nýting miðla og upplýsinga

Hvetja þarf nemendur til að nýta ólíka miðla við verkefnavinnu og kynningar. Gagnrýnin hugsun þjálfast við að meta gæði og réttmæti upplýsinga. Mikilvægt að opna augu nemenda fyrir fjölbreytni í notkun miðla og nýta tækni til að eiga samskipti við sérfræðinga í verkefnum og í verkefnakynningum. Þá gætu sérfræðinga og áhorfendur verið annars staðar á landinu eða jafnvel erlendis. Öll verkefni fela í sér samskipti, áhersla er á skilvirk samskipti. Deila hugmyndum, gefa endurgjöf við vinnu annarra, hafa samskipti við sérfræðinga utan skólans, geta rökstutt verkefnið sitt, vera virkur hlustandi, stuðla að jákvæðum samskiptum við jafnaldra. Kennari er fyrirmyndi í samskiptum og í að tala fyrir framan aðra.

Sjálfstæði og samvinna:

Flest verkefni utan í lífinu krefjast samvinnu þar sem fólk kemur saman með ólíkar skoðanir, sjónarhorn og sérþekkingu. Hópvinnu í verkefnamiðuð námi þjálfar samvinnu. Samvinnu þarf að kenna með markvissum hætti. Þegar nemendur þróa færni sína í samvinnu hefur það áhrif skólamenningu.

Hvetja til samvinnu:

Skipulag verkefna krefst samvinnu. Mikilvægt að útskýra hvers vegna samvinna er nauðsynleg, af hverju vinna þarf í hópum en ekki einstaklingslega. Hópvinnu endurspeglar það sem á sér stað til dæmis á vinnumarkaði og á heimilum. Verkefni í verkefnamiðuð námi er of flókið til að ein manneskja geti unnið, það krefst hópvinnu. Tímaramminn krefst hópvinnu, annars er ekki hægt að ljúka verkefninu. Kennarinn þarf að vera leiðtogi sem setur saman hópa með það fyrir augum, hvers konar hópur sé skilvirkastur og getur unnið sem best saman.

Byggja upp samvinnumenningu

Leggja áherslu á mikilvægi samvinnu í samfélaginu.

Veita nemendum aðgang að samvinnu í gegnum tækni

Nemendur geta þá unnið að sama verkefni á sitthvorum staðnum svo sem í gegnum google docs, smáforrit eða wikis.

Ábyrgð og mat á eigin námi

Í verkefnamiðuðu námi eru allir hópnum ábyrgir fyrir vinnu hópsins. Hópurinn setur upp hópreglur og skrifar undir sáttmála um samvinnu. Þá er mikilvægt að kenna markvisst hvernig

má mæta ágreiningi í samvinnu og jafnvel að gera viðbragðsáætlun og fá hugmyndir frá nemendum um hvað skal gera ef eitthvað kemur upp á í hópnum.